

Alþingi
Erindi nr. P 139/585
komudagur 1.12.2010

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. sjávarútvegs- og
landbúnaðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 30.11.2010

1004020SA GB
Málalykill: 313

Efni: Umsögn um frv. um skeldýrarækt, 201. mál

Vísað er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis, dags. 22. nóvember, sl., þar sem veittur er frestur til 8. desember 2010 til umsagnar um ofangreint þingmál.

Frumvarp um sama efni var lagt fram á 138. löggjafarþingi og gerði Samband íslenskra sveitarfélaga þá verulegar athugasemdir við efni frumvarpsins enda nánast ekkert tillit tekið til stjórnáráðgjafar aðkomu sveitarfélaga og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga við gerð frumvarpsins. Þótt nokkrar úrbætur hafi nú verið gerðar á frumvarpinu, sem birtist einkum í því að viðkomandi sveitarstjórn er nú tryggður umsagnarréttur um einstakar ákvarðanir, sbr. einkum 5., 6. og 9. gr., telur sambandið þörf á að ítreka flestar athugasemdir við fyrra frumvarp.

1. Um frestákvæði í frumvarpinu

Í frumvarpi sem lagt var fram á 138. gr. löggjafarþingi voru engin ákvæði um hámarksfresti til umsagna um einstakar ákvarðanir. Nú bregður hins vegar svo við að í 5., 6., 9. og 17. gr. er alls staðar kveðið á um að umsagnaraðilar skuli að hámarki fá tveggja vikna umsagnafrest. Að áliti sambandsins er fráleitt að kveða á um svo skamman frest í lögum, sem væntanlega bindur hendur leyfisveitanda að því leyti að honum er óheimilt að veita lengri umsagnarfrest þótt gildar ástæður kunni að vera til. Má sem dæmi nefna að umsagnir skv. 3. mgr. 9. gr. geta kallað á umtalsverða gagnaöflun og samráð milli stofnana áður en hægt er að veita umsögn um hvort hætta sé á neikvæðum vistfræði- og erfðafræðilegum áhrifum af leyfis skyldri starfsemi. Rétt er að geta þess að sambærileg frestákvæði er ekki að finna í lögum um fiskeldi, nr. 71/2008, sem eru í öllum meginatriðum sambærileg við frumvarp til laga um skeldýrarækt.

Leggur sambandið eindregið til að umrædd ákvæði um hámarksfrest falli brott enda getur viðkomandi stjórnvald þá tilgreint í umsagnarbeiðni hæfilegan frest til að veita umsögn.

2. Tengsl við skipulagslög og frumvarp til mannvirkjalaga

Sveitarfélögum er samkvæmt skipulagslögum falið það verkefni að gera skipulagsáætlanir. Í 1. gr. þeirra laga er m.a. tilgreint það markmið „að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.“ Í 3. mgr. 7. gr.



frumvarpsins virðist þó aðeins ráðgert að aðkoma byggingar- og/eða skipulagsfulltrúa sveitarfélaga einskorðist við að gefa út yfirlýsingu, þess efnis að mannvirki sem áformað er að nota við skeldýraræktina séu í samræmi við skipulag, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Rétt þykir að benda á að ýmis skipulagsskyld starfsemi sem sveitarfélögin bera ábyrgð á getur rekist á við hagsmuni skeldýraræktar s.s. mengandi starfsemi af ýmsu tagi, hafnarmannvirki og áætlanir um uppbyggingu fráveitumannvirkja, svo fáein dæmi séu nefnd. Það er því mjög mikilvægt að óskað sé eftir afstöðu viðkomandi sveitarstjórna út frá fremur víðum sjónarmiðum til fyrirhugaðra ákvarðana um skiptingu ræktunarsvæða, sbr. 5. gr. frv. og leyfisveitingar skv. III. kafla frv.

Þá skal minnt á að samkvæmt frumvarpi til mannvirkjalaga, sem nú er til umfjöllunar á Alþingi, er kveðið á um nýja ríkisstofnun, Mannvirkjastofnun, sem m.a. fær það hlutverk að gefa út byggingarleyfi á hafsvæðum utan netlaga. Hlýtur sú stofnun að þurfa að eiga einhverja aðkomu að stjórnábyrgðunum um skeldýrarækt. Viðkomandi sveitarfélag veitir hins vegar byggingarleyfi ef mannvirki er innan netlaga en hefur umsagnarrétt um byggingarleyfisumsóknir allt að einni sjómílu frá ytri mörkum netlaga.

Athygli er vakin á því að í 4. tl. 3. gr. frumvarpsins er orðið *Mannvirki* skilgreint sem „hvers konar byggingar eða búnaður sem notaður er við ræktun skeldýra“. Þessi skilgreining er allt önnur en eftirfarandi skilgreining í 10. tl. 3. gr. frv. til laga um mannvirki og verður að teljast bagalegt að ekki sé gætt betra samræmis við skilgreiningu slíkra grundvallarhugtaka:

„*Mannvirki*: Hvers konar jarðfastar, manngerðar framkvæmdir, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, virkjanir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, fráveitumannvirki, göngubrýr í þéttbýli, stór skilti og togbrautarbúnaður til fólksflutninga. Til mannvirkja teljast einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefnis eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljast einnig til mannvirkja samkvæmt lögum þessum.“

3. Aðkoma heilbrigðisnefnda sveitarfélaga

Athygli vekur að heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga er ekki ætlað neitt eftirlits- eða umsagnarhlutverk samkvæmt frumvarpinu, þrátt fyrir að eftirlitið hafi umsjón með mengunarvörnum og eftirlit með fráveitum sveitarfélaga. Þá má nefna að heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna eiga samkvæmt reglugerð 796/1999 að flokka vatn, þ.m.t. strandsjó. Sveitarfélögin skulu jafnframt samkvæmt reglugerðinni vernda og kortleggja vatnasvæði, m.a. þau svæði sem skulu njóta sérstakrar verndar eða hafa sérstöðu vegna nytja af ýmsu tagi. Það ber því ekki á öðru en að frumvarpið gangi gegn gildandi reglugerðum um vatnsvernd og markmiðum skipulags- og byggingarlaga. Jafnframt er nauðsynlegt að tryggja að fyrirkomulag leyfisveitinga og eftirlits verði í sem bestu samræmi við frumvarp til laga um vatnsstjórn, sem nú er til umfjöllunar á Alþingi.



Bent skal á að í 12. gr. frv. þarf að bæta inn ákvæði um framsal eftirlits til samræmis við 22. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum. Lagt er til að við greinina bætist ný málsgrein er hljóði svo:

Matvælastofnun er heimilt að framselja eftirlit skv. 1. mgr. til viðkomandi heilbrigðisnefndar. Um framsal fer skv. 22. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.

3. Um heilnæmiskönnun, sbr. 8. gr.


Í 8. gr. frumvarpsins er gerð krafa um að leyfishafi eða umsækjandi láti framkvæma heilnæmiskönnun áður en ræktunarleyfi er gefið út. Umrætt hugtak virðist hvergi vera skilgreint í lögum en í skýringum er vísað til þess að kanna þurfi „hvort svæði hentar til skeldýraræktar eða hvort það sé óhentugt til slíkrar starfsemi vegna heilnæmisástæðna.“

Að mati sambandsins hefði þurft að koma skýrar fram hvaða gagna þurfi að afla í tengslum við slíka könnun og m.a. telur sambandið mikilvægt að aðkoma staðbundinna stjórnvalda að slíkri könnun þurfi að koma skýrar fram, svo sem um hvort heimilt verði að krefja viðkomandi um gjald fyrir vinnu og upplýsingar sem þessir aðilar kunna að þurfa að láta í té.

Enn fremur er það álit sambandsins að ýmsar aðrar ástæður en heilnæmi ættu að hafa áhrif á staðarval fyrir skeldýrarækt og verður að teljast eðlilegt að m.a. verði hægt að taka tillit til þeirra ástæðna sem tilgreindar eru í 6. gr. Þótt staðbundið bann hafi ekki tekið gildi. Einnig þarf að tryggja að tillit sé tekið til áhrifa á aðra starfsemi og hugsanlegrar sjónmengunar.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræðisviðs